

PETRENKO STJÓRNAR MAHLER

Vasily Petrenko, hljómsveitarstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

---

BORGUN



Morgunbladid



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói fimmtudaginn 2. desember 2010 kl. 19.30

**Vasily Petrenko**, hljómsveitarstjóri

## PETRENKO STJÓRNAR MAHLER

**Franz Schubert**

**Sinfónía nr. 8 í h-moll, D. 759 (1822)**

Allegro moderato

Andante con moto

**Hlé**

**Gustav Mahler**

**Sinfónía nr. 5 í cís-moll (1901–02)**

*Erster Teil/Fyrsti hluti:*

I. Trauermarsch. In gemessenem Schritt.

Streng. Wie ein Kondukt

II. Stürmisch bewegt, mit größter Vehemenz

*Zweiter Teil/Annar hluti:*

III. Scherzo. Kräftig, nicht zu schnell

*Dritter Teil/Þriðji hluti:*

IV. Adagietto. Sehr langsam

V. Rondo-Finale. Allegro –

Allegro giocoso. Frisch



**RÁS 1**

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1  
og síðan aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum  
á meðan tónleikum stendur.



Vasily Petrenko fæddist í Leníngrad árið 1976. Hann lærði tónlist við Tónlistarháskólann í St. Pétursborg og nam hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Ilya Musin, Mariss Jansons og Yuri Temirkanov. Petrenko hóf feril sinn í Sankti Pétursborg og tók við stöðu aðalstjórnanda Konunglegu filharmóníunnar í Liverpool árið 2006. Hann stjórnar reglulega hljómsveitum í Lundúnum, Boston, Los Angeles, París og víðar, og mun á næstunni stýra óperum bæði við Glyndebourne og Parísaróperurnar auk þess sem hann kemur fram með hljómsveitunum í Minnesota, Filadelfíu, og Finnsku útvarpshljómsveitinni.

Petrenko hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga á undanförunum árum. Hann var valinn Ungi listamaður ársins á Gramophone-verðlaunaafhendingunni 2007 og árið 2009 hlaut hann heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann í Liverpool fyrir framlag sitt til tónlistarlífs borgarinnar. Hljóðritun Petrenkos á Manfreð-sinfóníu Tsjajkovskijs hlaut *Gramophone*-verðlaunin sem besti hljómsveitardiskur ársins 2009. Hann vinnur auk þess að því að hljóðrita allar sinfóníur Sjostakovitsj með Liverpool-hljómsveitinni og hafa fjórar þeirra þegar verið gefnar út.

Sí lék fáar sínfóníur jafnoft og þá Ófullgerðu á fyrstu starfsárum sínum. Róbert A. Ottósson stjórnaði henni á fyrstu tónleikum hljómsveitarinnar 9. mars 1950, en auk hans hafa m.a. haldið um tónsprotann þeir Victor Urbancic (1951), Jindrich Rohan (1962), Paavo Berglund (1967), Marteinn H. Friðriksson (1968), Páll P. Pálsson (1973 og 1987), Petri Sakari (1986) og Eva Ollikainen (2007).

## FRANZ SCHUBERT

## Sínfónía nr. 8



Þegar Franz Schubert (1797–1828) náði tuttugu og eins árs aldri hafði hann lokið við sex sínfóníur. Schubert hafði náð undraverðum þroska í tónsmíðum strax á unglingsárum eins og mörg sönglaga hans bera vitni um, til dæmis *Gretchen am Spinnrade*, sem hann samdi sautján ára gamall en býr yfir djúpum skilningi á mannlegu eðli sem helst væri að vænta hjá a.m.k. helmingi eldra skáldi. Líkt og fimm fyrstu sínfóníur Schuberts sýnir sú sjötta afbragðstök hans á hinu klassíska formi eins og það tíðkaðist í verkum Mozarts og Haydns, og fyrstu tveimur

sínfóníum Beethovens. Þetta eru fremur hógvær og hefðbundin verk og í þeim er að finna lítið af þeim ólgandi krafti sem tók að einkenna sínfóníuformið í auknum mæli frá og með Eroicu-sínfóníu Beethovens árið 1803.

Næstu árin eftir að Schubert lauk við þá sjöttu reyndi hann að þróa sínfóníska tækni sína enn frekar, með misgóðum árangri þó. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst honum ekki að semja fullgerðan sínfónískan þátt í meira en fjögur ár. Sínfónía í D-dúr (vorið 1818) varð ekki nema drög að tveimur ytri þáttunum, og önnur sínfónía í sömu tóntegund var á teikniborðinu tveimur árum síðar. Sínfónía í E-dúr komst nokkuð lengra á veg haustið 1821, en einnig hér hætti Schubert áður en fyrsta þættinum var lokið í partitúr.

Í október 1822 gerði Schubert enn eina atlögu að sínfóníu, og í enn eitt skiptið lagði hann verkið frá sér hálfkarað, eftir að hafa samið tvo fyrstu þættina og fyrstu níu takta þess þriðja. Schubert lifði í sex ár enn, en tók aldrei aftur upp þráðinn. Engin einhlít skýring hefur fengist á því hvers vegna ekkert varð úr áformunum. Ýmislegt bendir til þess að einmitt í nóvember 1822 hafi Schubert sýkst af sárásótt sem átti eftir að plaga hann mjög síðustu æviárin. Önnur skýring, sem tekur frekar mið af tónlistinni sjálfri, er að Schubert hafi ekki treyst sér til að semja lokakafla sem væri verðugur þess að standa með hinum fyrri. Með fimmtu sínfóníu Beethovens voru ný viðmið sett í lokaköflum sínfónískra verka. Síðasta árið sem Schubert lifði gerði hann ráðstafanir til að hefja nám í kontrapunkti hjá Simon Sechter, einum mesta tónlistarkennara Vínarborgar um þær mundir. Áttu þær kennslustundir kannski að nýtast honum til að semja flókna lokakafla í anda Beethovens, sem hafði brugðið fyrir sig fúguskrifum, til dæmis í 3. og 9. sínfóníu sínum?

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Aðrar íslenskar hljómsveitir hafa spreytt sig á ófullgerðu sinfóníunni, m.a. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna árið 1993 (stj. Ingvar Jónasson), Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík 2004 og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins 2009 (báðar undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar).*

---

Slíkum spurningum verður vitaskuld aldrei svarað. Eftir stendur hálf sinfónía sem þó er ríkari að innihaldi en margar heilar. Ljódænar gáfur Schuberts eru víða í forgrunni í sinfóníunni, en þó felst áhrifamáttur hennar ekki síður í dramatískri og ólgandi framvindunni. H-moll er dökk tóntegund og fremur sjaldan notuð, hvorki Haydn, Mozart né Beethoven sömdu sinfóníur út frá þeirri tónmiðju. Raunar er aðeins ein önnur sinfónía í h-moll á fastri verkaskrá hljómsveita um allan heim og er sú ekki síður dramatísk: *Pathétique*-sinfónía Tsjaikovskijs.

Upphafið er ekki síður óvenjulegt en tóntegundin. Selló og kontrabassar leika örveikt inngangsstef sem á eftir að leika lykilhlutverk síðar í verkinu þótt það lúffi um stundarsakir fyrir órólegum fiðluundirleik og tregafullu stafi sem leikið er af óbúi og klarínettu. Ekki liður á löngu þar til styrkleikinn vex og hljómsveitin öll er farin að hamra spennuþrungna hljóma á afgerandi hátt. Seinna aðalstef kaflans dvelur í sérkennilega sætum draumaheimi – G-dúr. Hér eru sellóin í aðalhlutverki og tónlistin bæði ljúf og björt; þó gefa synkópurnar í víólum og klarínettum þessum töktum meiri spennu en ella. Enda kemur að því, þar sem sist skyldi, að stefið hreinlega gufar upp. Eftir stendur heill gapandi tómur taktur, örlagaþrungin þögn sem síðan er rofin með kröftugum moll-hljómi. Draumsýnin er á enda, og napur raunveruleikinn tekinn við.


Úrvinnslan er ekki síður spennuþrungin og raunar hádramatísk könnun á þeim möguleikum sem inngangstaktarnir átta bjóða upp á. Skerandi níundir, dýnamík sem ýmist er örveik eða ærandi sterk (a.m.k. á þess tíma mælikvarða), og herskáir rytmar í lúðrum eru meðal þess sem einkennir þennan hluta verksins, og það vekur athygli að hvorugt aðalstef framsögunnar fær neitt rými. Framvinda ítrekunarinnar er eftir því sem búast má við – seinna aðalstefið steytir á sama skerinu og áður, sem þýðir að napur hljómur lokataktanna er óumflýjanlegur.

Hægi kaflinn er í E-dúr og hefur allt annað og bjartara yfirbragð. Hér renna heimar sálms og þjóðlags saman í eitt, í yfirlætislausum og líðandi hendingum sem virðast órafjarri ólgu fyrsta kaflans. Ekki liður á löngu þar til dramatískar fiðluhendingar í dökkum tóntegundum ná yfirhöndinni um skeið. Það sem vekur þó ekki sist furðu er hve fyrirhafnarlaust Schubert skautar milli fjarlæggra tóntegunda eins og leikur sé, og tekst alltaf að ná aftur heim á upphafspunkt þótt stundum sé vissulega teflt á tæpasta vað.

Sinfóníuhljómsveit Æskunnar undir stjórn Pauls Zukofsky frumflutti 5. sínfóníu Mahlers á Íslandi 1982. Sí hefur fjórum sinnum áður leikið sínfóníuna í heild á tónleikum í Háskólabíói. Hljómsveitin spreytti sig fyrst á henni í apríl 1987 undir stjórn Arthurs Weisberg, en Petri Sakari leiddi flutninginn 1992 og aftur 2002, og Rumon Gamba árið 2008. Sí lék enn fremur Adagietto-þáttinn árið 1983 undir stjórn Gabriels Chmura.

## GUSTAV MAHLER

## Sínfónía nr. 5



Árið 1897 fluttist tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Gustav Mahler (1860–1911) til Vínarborgar og tók við tónsprotanum við Fílharmoníuna og Vínaróperuna. Hann var þróttmikill og metnaðarfullur stjórnandi en tókst of mörg verkefni á hendur og stofnaði með því heilsu sinni í hættu. 24. febrúar 1901 stjórnaði Mahler fimmtu sínfóníu Bruckners á síðdegistónleikum og *Töfraflautu* Mozarts um kvöldið. Strax að flutningnum loknum veiktist hann alvarlega og var fluttur á sjúkrahús með innvortis blæðingar. Hann náði heilsu á ný, en dauðinn var honum

ofarlega í huga eftir þetta og hann var þess fullviss að dagar hans væru senn taldir. Þetta sama sumar dvaldi hann í fyrsta sinn í nýju sumarhúsi sínu við Wörther-vatn, og eins og hann átti vanda til notaði hann sumarmánuðina eingöngu til tónsmíða. Þegar tónleikahald hófst aftur um haustið hafði hann lokið við tvo fyrstu kafla fimmtu sínfóníunnar, auk þriggja Barnadauðasöngva (*Kindertotenlieder*) og fjögurra laga við ljód eftir Friedrich Rückert.

Fimmta sínfónían markar nokkur tímamót á tónskáldsferli Mahlers, því að í fyrsta sinn síðan í fyrstu sínfóníunni (1884–88) notar hann hljómsveit án einsöngvara eða kórs. Þó eru áhrif sönglagsins ekki langt undan. Lokabátturinn hefst á tilvitnun í eitt af hinum gamansömu *Wunderhorn*-lögum Mahlers, *Lob des hohen Verstandes*. Sínfónían er eitt áhrifamesta dæmið um „brotakenndan“ tónsmíðastíl Mahlers, sem samtímamenn hans höfðu oft og tíðum lítinn skilning á. Einn gagnrýnandi sagði að sínfóníur hans væru „ekki annað en sínfónískt samsull“. Vissulega þrífst tónlist Mahlers á sterkari andstæðum, og harkalegar framsettum, en hafði áður tíðkast. Framvindan er öldungis óútreiknanleg, verkið getur brotnað niður eða risið upp á nýjan leik fyrirvaralaust, og innan þess rúmast allar tegundir tónlistar: klezmer-lög og lúðrasveitarmúsík eiga þar jafnan tilverurétt og fagaðir Vínarvalsar eða djúphugul sálmalög.

Fimmta sínfónían er einnig athyglisvert dæmi um það sem nefnt hefur verið „framsækin tónmiðja“ (*progressive tonality*), sem þýðir að verkið hefst í einni tóntegund og lýkur í annarri, og að verkið sem heild má líta á sem þróun – jafnvel eins konar ferðalag – frá fyrri tónmiðjunni til hinnar síðari. Dúr og moll eru andstæðir pólur í allri tónsköpun, en í tónlist Mahlers fá tóntegundirnar myndræna líkingu. Líf og dauði kallast á, og dökkir moll-hljómarnir leita sífellt upp á við. „Per ardua ad astra“, sagði

---

Mahler gjarnan: „Gegnum erfiðleikana til stjarnanna“. Í fimmtu sínfóníunni er þessu einnig svo farið. Þótt aðeins sé um að ræða lítið hálfónsbil er leiðin engu að síður löng og fjarri því að vera auðfarin, frá cís-moll – dimmri tóntegund dauðamarsins – yfir í D-dúr, fagurbjartan og sigurvissan.

Sínfónían er í fimm köflum, sem Mahler skiptir niður í þrjá hluta. Fyrsti og annar þátturinn mynda fyrsta hluta verksins. Fyrsti þátturinn ber yfirskriftina „Jarðarfararmars. Með hægu tónfalli, alvarlega, eins og líkfylgd“. Lúðraþyturinn gefur tóninn strax í upphafi. Stefið, sem fengið er að láni úr austurrískum herlúðramerkjum, er grimmt og miskunnarlaust. Þótt fyrsta innkoma hljómsveitarinnar sé glæsileg líða aðeins nokkrir taktar þar til allir hrapa niður í hyldjúpt svartnættið. Í kaflanum skiptast á tvær gerðir tónlistar: grimmur og miskunnarlaus marsinn annars vegar, en hins vegar blíðara stef í strengjunum sem hljómar eins og draumsýn eða ljúfsár endurminning. Eftir nokkur dramatísk úthlaup lýkur þættinum á jarðarfararstefinu enn eina ferðina, en nú er það leikið ofurveikt, eins og líkfylgdin fjarlægist smátt og smátt.

Annar kaflinn er ekki ósvipaður í efnistöfum, eins konar sönötuforms-úrvinnsla á jarðarfarartónlistinni í fyrsta kafla. Þátturinn er einn sá stormasamasti og örvæntingarfullsti sem Mahler samdi, þrunginn kraftmiklum andstæðum. Tónlistin brotnar niður og rís aftur upp til skiptis, og fyrstu taktarnir eru allt að því óþægilega ágengir. Ómstríðir hljómararnir í fiðlum og blásurum hljóma eins og örvæntingarfull hróp, en ljóðrænni stef fá einnig sinn skerf, þótt sum þeirra eigi reyndar upptök sín í millistefjum fyrsta kaflans. Um miðbik þáttarins tekst tónlistinni að hífa sig upp í glæstan D-dúr og um skeið virðist sínfónían stefna að glæsilegum hápunkti. Þegar til kemur er þó aðeins um tálsýn að ræða. Bjartir dúr-hljómarnir grotna niður án þess að takmarkinu sé náð og þátturinn rennur smám saman út í þögnina.

Miðhluti sínfóníunnar er víðamesti scherzókafllinn í sínfóníum Mahlers, lengsti kafli verksins og um leið sá flóknasti hvað form varðar. Hér er tígulegur D-dúrinns loks farinn að ná undirtökunum í tónlistinni. Upphafið sver sig í ætt við austurríska *ländler*, sveitadans í þrískiptum takti, en líkt og áður úir og grúir af sundurleitum tónhugmyndum sem skiptast á með ógnarhraða. Fjórði kaflinn, hið fræga Adagietto, er „söngur án orða“ fyrir strengi og hörpu. Hér er mikill fjársjóður fólgin í fáum tónum. Laglínan, full trega og söknuðar, er alla jafna leikin af fiðlunum en studd af safaríkum undirleik neðri strengjanna og kyrrlátum hörputónum.

---

Lokaþátturinn er Beethovenski blanda af rondó-, sönötu- og fúgu-formum. Í stærra samhengi snýst kaflinn um „leitina að réttri tóntegund“, því þótt glæðlegt og ferskt rondó-stefið sem heyrir í upphafi kaflans sé að vísu í D-dúr – „hetjutóntegundinni“ sem verkið stefnir að – villist tónlistin fljótt af vegi. Mahler var á heimavelli þegar kom að því að byggja upp væntingar sem aldrei rætast; hér byggir hann tvisvar upp stórfenglega hápunkta sem springa á limminu og hverfa út í tómið þegar síst skyldi. Að lokum kemst kaflinn þó á rétt ról, og honum lýkur með björtum og skínandi D-dúr hljómunum eins og vonast hafði verið til.

**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON**

## **TÓNLEIKAR HELGAÐIR MINNINGU LÁTINNA TÓNLISTARMANNA**

---

Það er orðin árleg hefð að Óperukórinn í Reykjavík flytji Sálumessu Mozarts á dánarstundu tónskáldsins, en hann lést rétt eftir miðnætti aðfaranótt 5. desember 1791 aðeins 35 ára að aldri. Tónleikarnir eru helgaðir minningu þeirra íslensku tónlistarmanna sem látist hafa á árinu.

Þessir tónleikar hafa nú skapað sér fastan sess í menningarlífi Reykjavíkur og hafa laðað að sér æ fleiri sem vilja njóta dásamlegrar tónlistar Mozarts við kertaljós og ganga svo út í kyrrð næturinnar með góða minningu og frið í hjarta.

Tónleikarnir fara fram í Langholtskirkju sem opnar kl. 11.50 laugardagskvöldið 4. desember. Tónleikarnir hefjast kl. 00.30. Miðasala á [midi.is](https://midi.is) og við innganginn.

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 2. DESEMBER 2010

---

### 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Sif Tulinius  
Andrzej Kleina  
Bryndís Pálsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Lin Wei  
Zbigniew Dubik  
Martin Frewer  
Rósa Guðmundsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Mark Reedman

### 2. fiðla

Greta Guðnadóttir  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Helga Steinunn Torfadóttir  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Roland Hartwell  
Ágústa María Jónsdóttir  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

### Vióla

Helga Þórarinsdóttir  
Þórunn Ósk Marinósóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir  
Sarah Buckley  
Eyjólfur Alfreðsson

### Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Lovisa Fjeldsted  
Júlía Mogensen  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Auður Ingvadóttir

### Bassi

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

### Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Melkorka Ólafsdóttir  
Martial Nardeau

### Óbó

Daði Kolbeinsson  
Eydis Franzdóttir  
Peter Tompkins

### Klarinett

Einar Jóhannesson  
Sigurður I. Snorrason  
Rúnar Óskarsson

### Fagott

Rúnar Vilbergsson  
Hafsteinn Guðmundsson  
Brjánn Ingason

### Horn

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir  
Anna Sigurbjörnsdóttir  
Stefán Jón Bernharðsson

### Trompet

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

### Básúna

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
Jessica Buzbee  
David Bobroff, bassabásúna

### Túba

Tim Buzbee

### Harpa

Katie Buckley

### Pákur

Eggert Pálsson

### Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

samstarfsaðilar

---



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON  
LIÓÐ / HLJÓÐ / MYND

# Notalegt jólahlaðborð í Skrúði í hádeginu og á kvöldin



Í Skrúði er indælt að setjast niður með góðum vinum  
og njóta ljúffengra jólakræsinga í hádeginu eða á kvöldin.

Jólabrunch allar helgar í desember.



*Skrúður er vinalegur staður, bókaðu núna  
á [hotelsaga@hotelsaga.is](mailto:hotelsaga@hotelsaga.is) eða í síma 525 9900.*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Guðný Guðmundsdóttir

áritar nýjan einleiksdisk í anddyri í hléi.

